

138. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. janúar 2014 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Erla Friðriksdóttir, Þórólfur Halldórsson varamaður og Signý Magnfríður Jónsdóttir varamaður.

Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir og Eiríkur Snæbjörnsson boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 14:00.

Fundargerð 137. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Strýta í Flatey

Óskað er eftir álit og umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna fyrirhugaðrar geymslubyggingar við Strýtu í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið. Magnús A. Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu erindisins.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Búið er að afla tilboða í prentun. Bæklingurinn verður einnig gefinn út með enskum texta. Magnús mun leita tilboða vegna þýðingar á texta.

Örnefnaskráning í Dalabyggð

Formaður fundar með Náttúrustofu Vestfjarða vegna framhalds verkefnisins.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari mun gera drög að fjárhagsáætlun 2014.

Önnur mál

Sverrir Jakobsson og Tryggvi Dór Gíslason hafa boðist til að mæta á fund Breiðafjarðarnefndar og kynna skýrslu sem Tryggvi vann ásamt Valgerði Óskarsdóttur fyrir verkefnið „Saga Breiðafjarðar“. Sverri og Tryggva Dór verður boðið að koma á næsta fund Breiðafjarðarnefndar.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 15:55.

Kl. 16:00 hófst kynningarfundur um verndaráætlun Breiðafjarðar fyrir fulltrúa sveitastjórna sem liggja að verndarsvæði Breiðafjarðar. Á fundinn mættu fulltrúar sveitarfélaganna. Fulltrúar Vesturbyggðar voru í fjarfundarsambandi. Trausti Baldursson sá um kynninguna á verndaráætluninni fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar. Umræður urðu um verndaráætlunina og var sveitarfélögunum gefinn kostur á að skila inn athugasemdum fyrir 12. febrúar nk.

Næsti fundur verður haldinn 12. febrúar 2014.